

	Kr.	Kr.	59
	Flutt 598394,51		
b. Sjálfsskuldarábyrgðarskuldabryjef . . . . .	27592,07		
c. Handveðsskuldabryjef . . . . .	10020,00		
d. Skuldabryjef gegn ábyrgð sveita- og bæjarfjelaga . . . . .	9171,00	645177,58	
2. Önnur skuldabryjef:			
a. kgl. ríkisskuldabryjef . . . . .	101200,00		
b. skuldabryjef Reykjavíkur kaupstaðar . . . ; . . . . .	600,00	101800,00	
3. Vixlar . . . . .		9720,96	
4. Ávísanir . . . . .		25,00	
5. Húseign útlögð bankanum fyrir láni að upphæð . . . . .		800,00	
6. Í sjóði 31. marz 1888 . . . . .		76732,72	
		<u>834256,26</u>	
Landsbankinn hefur fengið í seðlum frá landssjóði til 31. marz 1888		400000,00	
Eign varasjóðs bankans 31. desbr. 1887 . . . . .		26109,72	
Varasjóður sparisjóðs Reykjavíkur s. d. . . . .		27912,59	
Ýmsar tekjur sem enn eru eigi orðnar eign varasjóðs . . . . .	16586,47		
að frá dregnum ýmsum kostnaði 1. jan. til 31. marz 1888	<u>1674,64</u>	14911,83	
Sparisjóðsinnlög innistandandi í bankanum 31. marz 1888 . . . . .		362301,44	
Eje er lagt hefur verið inn á hlaupareikning . . . . .		3020,68	
		<u>834256,26</u>	

Stjórn landsbankans, Reykjavík 12. apríl 1888.

*L. E. Sveinbjörnsson. Jón Pjetursson. Eiríkur Briem.*

**Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Húnavatnssýslu um borgun til 60**  
**dómenda í landamerkjamálum.** — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 5. f. m., hafið þjer, 25. apr. herra sýslumaður, tjáð mjer, að í tveimur landamerkjámálum, sem dæmd hafi verið í merkjadómi Húnavatnssýslu, öðru höfðuðu með gjafsókn af hálfu Holtastaðakirkju og hinu höfðuðu á hendur Undirfellskirkju, er fjekk gjafvörn, og sem báðum hafi verið áfrýjað til landsyfirdómsins, hafi hlutaðeigandi dómendur ekki enn fengið aðra borgun fyrir starfa sinn, en að þeim hafi verið greiddur úr landssjóði sá hluti borgunarinnar fyrir hið fyrnefnda gjafsóknarmálið, sem eptir merkjadóminum átti að gjaldast af almannafje, og hafið þjer útaf áskorun dómsmannanna til yðar um að hlutast til um, að þeim verði sem fyrst greidd borgun sú, er þeim ber í báðum þessum málum, beiðzt leiðbeiningar minnar um, hvernig ráða eigi fram úr þessu máli.

Útaf þessu tilefni gefst yður til vitundar, að áfrýjunarstefna sú, sem tekin hafði verið út í hinu fyrnefnda landamerkjámalinu, hefur aldrei verið lögð fram fyrir landsyfirdóminum, og með því að merkjadómurinn í því máli þannig stendur óraskaður, þá á sá hluti borgunarinnar til dómendanna í málinu, sem eptir stendur óborgaður, samkvæmt merkjadóminum að greiðast af varnaraðila. En að því er snertir hið síðarnefnda málið, þá hefur merkjadómurinn í því verið dæmdur ómerkur af landsyfirdóminum og málinu vísað heim aptur í hjerað, og þar sem þannig ekkert dómsatkvæði er fyrir því, að neitt af kostnaðinum í því máli eigi að greiðast af almannafje, þá eiga

60 dómendurnir enga heimting á neinni borgun úr landssjóði fyrir starfa sinn í málinu, en að því leyti sem þeim eptir úrslitum málsins kynni að bera borgun, hljóta þeir að eiga aðgang að þeim, sem málið hefur höfðað og þannig gefið tilefni til, að merkja-dómurinn var skipaður.

61 Agrip af brjefi landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lán handa presta-  
26. apr. kalli. — Með brjefi þessu veitti landshöfðingi prestinum að Reynivöllum, sjera Þorkeli Bjarnasyni, leyfi til að taka 1600 kr. lán uppá Reynivalla prestakall, sem endurborgist á 16 árum með  $\frac{1}{16}$  á ári hverju, þegar hann hefur fullgjört timburbæ, er hann hefur í hyggju að reisa á prestssetrinu. En það var áskilið, að áður en lánið yrði tekið, skyldi senda matsgjörð framkvæmda af hjeradsprófastinum með hlutaðeigandi úttektar-mönnum, um að byggingin sje vel og tryggilega af hendi leyst samkvæmt því er prest-urinn hafði tekið fram í bónarbrjefi sínu um leyfið til lántökunnar. Svo skal og af láninu, þegar það verður tekið, greiða fyrirfram það, sem þá kann að standa eptir ó-borgað af láni því, er nú hvílir á prestakallinu til landssjóðins.

62 Agrip af brjefi landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lán handa presta-  
2. maí. kalli. — Með brjefi þessu var heitið 200 kr. láni úr landssjóði til Bægisár prestakalls til að endurbæta skemmdir og koma í veg fyrir frekari skemmdir á kirkjujörð, Fagraskógi í Öxnadal, tilheyrandi prestakalli þessu, þegar komin væru fullnægjandi skil-ríki fyrir því að búið væri að endurbæta umræddar skemmdir og girða fyrir þær eptir-leiðis með varnargarðshleðslu og skurðgreptri. Skyldi lán þetta endurborga á næstu 10 árum eptir að það væri tekið og af því greiða 4 af hundraði í árlega vexti.

#### EMBÆTTASKIPUN

5. maí veitti landshöfðingi cand. theol. Magnúsi Bjarnarsyni Hjaltastaðar prestakall í Norðurmúlaprófastsdæmi samkvæmt kosningu hlutaðeigandi safnaða.

17. s. m. veitti landshöfðingi prófasti í Norður-Þingeyjarprófastsdæmi, sjera Guttormi Vig-fússyni á Svalbarði Stöðvar prestakall í Suðurmúlaprófastsdæmi samkvæmt kosningu safnaðarins.

S. d. var cand. theol. Ólafi Magnússyni, er 17. okt. 1887 fjekk veitingu fyrir Eyvind-arhólaprestakalli í Rangárvallaprófastsdæmi, af landshöfðingja veitt Sandfells prestakall í Austur-Skaptafellsprófastsdæmi samkvæmt kosningu hlutaðeigandi safnaða, frá fardögum 1888.

S. d. var presti í Nesþingum í Snæfellsnessprófastsdæmi, sjera Helga Arnasyni, er 27. janúar síðastl. fjekk veitingu fyrir Hvanneyrar prestakalli í Eyjafjarðarprófastsdæmi, af lands-höfðingja leyft að mega halda áfram að vera prestur í Nesþinga prestakalli samkvæmt veitingabrjefi því er hann hefir haft fyrir því brauði.

#### ÓVEITT PRESTAKÖLL,

er öll verða veitt með þeim fyrirvara, að sá, er þau fær, verði að sætta sig við rýrnun þá í tekjum þeirra, er leitt geti af ákvörðun í 16. gr. laga 19. febr. 1886.

Hvanneyri (Hvanneyrarsókn) í Eyjafjarðarprófastsdæmi. Metið 1061 kr. 69 a. Auglýst 18. maí 1888.

Eyvindarhólar (Eyvindarhóla-. Skóga- og Steinasóknir) í Rangárvallaprófastsdæmi, Metið 1018 kr. 14 a. Auglýst 18. maí 1888.

Svalbarð (Svalbarðssókn) í Norður-Þingeyjarprófastsdæmi. Metið 969 kr. 52 a. Auglýst 18. maí 1888.